


# Upprisa Jesú

## 14. tími



**Tilgangur:** Að læra að við sækjum messu hvern sunnudag og minnumst dauða og upprisu Jesú.

**Hugmynd af kennslustund:** Við lesum eina frásögnina í 20. kafla Jóhannesarguðspjalls.

<https://biblian.is/biblian/johannesargudspjall-20-kafli/>

Við lesum saman textan hér að neðan,

Við horfum á myndband:

[Pentecost](#)

Við vinnum saman verkefni:

[Upprisa Jesú, verkefni:](#)



Við fögnum upprisu Jesú á páskahátíðinni.

## **Jesús er grafinn**

Jósef frá Arímaþeu var valdamikill maður. Hann átti sæti í ráði Gyðinganna en beið einnig komu Guðs ríkis. Um kvöldið fór hann til Pílatusar og bað hann: Leyfðu mér að taka líkama Jesú ofan af krossinum og grafa hann. Pílatus gaf Jósef leyfi til að grafa líkama Jesú. Jósef keypti línblæjur, tók líkama Jesú ofan af krossinum, vafði hann í línblæjurnar og lagði í gröf, höggna í klettinn. Svo velti hann stórum steini fyrir grafarmunnann. Tvær konur, María Magdalena og María, móðir Jóse, sáu hvar hann lagði líkama Jesú til hvíldar. (Mk 15,42-47)

## **Boðskapur engilsins**

Þegar hvíldardagurinn var liðinn keyptu María Magdalena, María móðir Jakobs og Salóme ilmsmyrsl. Þær ætluðu að fara til grafarinnar til að smyrja líkama Jesú. Snemma um morguninn, um sólarupprás, komu þær til grafarinnar. Á leiðinni sögðu þær sín á milli: Hver ætli velti steininum frá grafarmunnum fyrir okkur? En þegar þær komu að gröfinni sáu þær að búið var að velta steininum frá.

Konurnar stigu inn í gröfina og sáu mann klæddan hvíttri skikkju sitja hægra megin. Þær urðu óttaslegnar. En engillinn sagði við þær: Óttist ekki! Þið eruð að leita að Jesú frá Nasaret sem dó á krossinum. Hann er ekki hér. Hann er upprisinn. Sjáið, þarna er staðurinn þar sem líkami hans lá. Farið og segið lærisveinum hans, framar öðrum Pétri, að hann hafi farið á undan

ykkur til Galíleu. Þar munuð þið sjá hann eins og hann lofaði ykkur. Konurnar fóru út og flýðu frá gröfinni, skelfingu lostnar. Þær sögðu engum frá því sem gerst hafði því þær voru hræddar. (Mk 16, 1-8)



### **Tveir lærisveinar hitta Drottin upprisinn**

Sama dag voru tveir lærisveinar á leið frá Jerúsalem til Emmaus. Á göngunni ræddu þeir allt það sem þeir höfðu séð gerast í Jerúsalem. Þá kom Jesús og slóst í för með þeim. En lærisveinarnir tveir þekktu hann ekki. Hann spurði þá: Um hvað eruð þið að tala? Lærisveinarnir stönsuðu, daprir í bragði. Annar þeirra, Kleófas, spurði: Veistu raunverulega ekki hvað gerðist í Jerúsalem? Ókunni maðurinn spurði: Hvað áttu við?

Lærisveinarnir tveir svöruðu honum: Við erum að tala um Jesú frá Nasaret. Hann var spámaður. Hann prédikaði og var máttugur í verki bæði fyrir Guði og mönnum. Hann var dæmdur til dauða og líflátinn. Við vonuðum að hann væri endurlausnarinn. Og nú eru þrír dagar síðan allt þetta gerðist. Snemma í morgun fóru nokkrar konur úr hópi lærisveina hans til grafarinnar. Þær fundu ekki líkama hans. Þær segjast hafa séð engil og að þessi sendiboði Guðs hafi sagt þeim að Jesús væri á lífi. Nokkrir lærisveinanna fóru þá til grafarinnar. Þeir fundu allt eins og konurnar höfðu sagt. En þeir sáu Jesú ekki. Þá sagði ókunni maðurinn við lærisveinana tvo: Skiljið þið ekki hvað gerðist?



Trúið þið ekki orðum spámannanna? Messías varð að þjást til þess að Guð gæti gefið honum heiður, vald og líf. Og hann útskýrði fyrir þeim það sem skrifað var í ritningunum um Messías. Loks komu göngumennirnir þrír til

þorpsins Emmaus. Jesús lét eins og hann ætlaði að ganga lengra. En lærisveinarnir báðu hann: Vertu hjá okkur! Bráðum kemur kvöld. Dagurinn er liðinn.

Jesús fylgdi þeim inn í húsið og var hjá þeim. Seinna settist hann til borðs með þeim og tók brauðið. Hann las þakkarbæn, braut brauðið og gaf þeim það. Þá opnuðust augu þeirra og þeir þekktu Drottin. En þá sáu þeir hann ekki lengur. Lærisveinarnir sögðu hvor við annan: Brann ekki hjartað í okkur þegar hann var að útskýra fyrir okkur merkingu Guðs orðs?

Lærisveinarnir héldu aftur til Jerúsalem seinna um kvöldið. Þar voru postularnir tólf ásamt mörgum lærisveinum. Þeir sögðu við lærisveinana tvo: Það er satt! Drottinn er upprisinn! Hann hefur birst Pétri. Þá sögðu lærisveinarnir tveir frá því sem kom fyrir þá á leiðinni til Emmaus og hvernig þeir höfðu þekkt Jesú þegar hann braut brauðið handa þeim. (Lk 24, 13-35)

## **Samfundir í Jerúsalem**

Lærisveinarnir söfnuðust saman í Jerúsalem. Þeir voru hræddir svo að þeir lokuðu öllum dyrum. Skyndilega var Jesús meðal þeirra og sagði: Friður sé með ykkur. Þá sýndi hann þeim sárin á höndum sínum. Þegar lærisveinarnir þekktu Drottin urðu þeir mjög glaðir. Þá sagði Jesús í annað sinn við þá: Friður sé með ykkur. Eins og Faðirinn hefur sent mig, eins sendi ég ykkur. Hann sagði við þá: Meðtakið Heilagan anda. Ef þið fyrirgefið einhverjum syndirnar eru þær fyrirgefnar. Ef þið neitið einhverjum um fyrirgefningu, þá eru þær ekki fyrirgefnar. (Jh 20, 19-23)

## **Drottinn sendir boðbera sína til allra þjóða**

Postularnir ellefu fóru til Galíleu til fjallsins þangað sem Jesús hafði sagt þeim að fara. Þar sáu þeir Jesú. Þeir veittu honum lotningu. En sumir þeirra efuðust um Jesú. Jesús kom til þeirra og sagði: Faðirinn hefur gefið mér allt vald – á himni og jörðu. Og í hans valdi sendi ég ykkur. Farið til allra þjóða. Gerið allar þjóðir að lærisveinum mínum. Skírið þá í nafni Föðurins, Sonarins og hins Heilaga anda. Kennið þeim og segið þeim allt svo að þeir geti lifað eins og ég hef boðið ykkur. Þið megið trúa einu: Ég mun ekki yfirgefa ykkur. Ég mun vera með ykkur allt til enda veraldarinnar. (Mt 28, 16-20)

### *Upprisa Jesú*

Vegna synda mannanna lokaðist þeim leiðin til himna.

Hún opnaðist ekki aftur fyrr en með dauða Jesú.

En samt var til gott fólk áður en Jesús dó.

Hvað varð um þetta fólk eftir að það dó?

Sálir þess stigu niður í ríki dauðans.

Það er ekki helvíti heldur staður þar sem gott fólk varð að bíða þangað til leiðin til himna opnaðist að nýju.

Eftir dauða sinn fór Jesús á þennan stað til þess að endurleysa réttláta.

**Eftir dauða sinn steig Jesús niður í ríki dauðans til þess að endurleysa réttláta og leiða þá til himna.**

Líkami Jesú var lagður í gröfina.

Á þriðja degi komu konurnar til grafarinnar.

Þær sáu að steininum hafði verið velt frá. Klæðin sem Jesús hafði verið sveipaður lágu samanbrotin þar hjá.  
Englar sátu við gröfina. Þeir sögðu að Jesús væri ekki þar.

**Líkami Jesú lá ekki lengur í gröfinni. Á þriðja degi reis Jesús upp frá dauðum.**

Postularnir trúðu ekki konunum. Pétur og Jóhannes fóru sjálfir til grafarinnar.  
Þeir fundu allt eins og konurnar höfðu sagt þeim.  
Jesús birtist postulum sínum oft eftir uppreisuna.  
Postularnir héldu fyrst að þeir hefðu séð anda.  
Það var vegna þess að Jesús hafði ekki venjulegan líkama.

**Jesús reis í dýrðlegum líkama úr gröfinni.**

Postularnir gátu ekki skilið þetta. Þess vegna þurftu þeir hjálp.

**Jesús lofaði postulum sínum að senda þeim hjálp, Heilagan anda.**

Heilagur andi hjálpaði postulunum að skilja allt það sem Jesús gerði og sagði.

Hvað varð um Jesú eftir dauða hans?

**Eftir dauða sinn steig Jesús niður í ríki dauðans til þess að endurleysa réttláta og leiða þá til himna.**

Lá líkami Jesú í gröfinni?

**Líkami Jesú lá ekki lengur í gröfinni. Á þriðja degi reis Jesús upp frá dauðum.**

Hvernig reis Jesús upp úr gröfinni?

**Jesús reis í dýrðlegum líkama úr gröfinni.**

Hverju lofaði Jesús postulunum?

**Jesús lofaði postulum sínum að senda þeim hjálp, Heilagan anda.**